

## Samantekt úr umræðum -íslenskukennarar.

### 1. Hvað veldur því að íslenskir nemendur ná ekki að skora í efstu sætin í sama mæli og nemendur annarra þjóða?

- Áhugaleysi og skortur á metnaði, bæði hjá nemendum og mörgum foreldrum. Það er ekki nóg að nemendur lesi í skóla –heimilin verða að taka þátt og fylgjast með námi barnanna.
- Nemendur virðast eiga æ erfiðara með að hlusta, einbeita sér að því að hlusta á kennara.
- Það gætir líka virðingarleysis gagnvart kennurum, stjórnendum og samnemendum. Kennarar eru almennt ekki ofarlega á virðingarstiganum. Viðhorf foreldra og jákvæðni skipta máli.
- Hugsanlega þarf fjölbreyttara lesefni og svo er spurning um hvort breyttar kennsluaðferðir???
- Lesa meira, nemendur þurfa að trúa á tilgang lesturs.
- Viðhorf heimafyrir, læsi þar, fara í leikhús o.þ.h. hefur áhrif.
- Umræður um það sem lesið er heimafyrir.
- Endurmenntun kennara og fjölbreyttir kennsluhættir.
- Lestrarkennsla sé einstaklingsmiðuð.
- Allir kennara eru íslenskukennarar -lestur og lesskilningur er á ábyrgð þeirra allra.
- Námsgagnastofnun -efla útgáfu á áhugaverðara námsefni, fá heilar sögur, auka fjölbreytni.
- Heimanám -auka það.
- Kröfur til nemenda.
- Kröfur til foreldra.
- Virðing fyrir störfum kennara.
- Sjálfsmynd kennarastéttarinnar.
- Forgangsröðun nemenda og foreldra á námi og námsástundun.
- Vantar drifkraft og gleði.
- Of fáar kennslustundir í íslensku bitna á yndislestri og tíma sem er til að bæta viðhorf til íslensku.
- Lítið úrval af kennsluefni. Sérstaklega lítið úrval af unglingsbókum.
- Lítið til af bekkjarsettum.
- Viðhorf gagnvart skóla.
- Viðhorf nemenda og annarra gagnvart PISA.
- Þyrfti að kynna betur tilgang PISA fyrir kennurum.
- Metnaðarleysi gagnvart náminu.
- Spurning hvort við séum sem kennarar að einfalda um of fyrir nemendurna, búta þau of mikið niður til að þau séu óyfirstíganleg í þeirra augum.
- Lítið gert fyrir afburðanemendur hér á landi þar sem kennarar hafa lítinn tíma til að sjá um þau.

## 2. Hvað þarf að koma til svo fleiri íslenskir nemendur skori hátt?

- Að bæta þau atriði sem koma fram í svörum við spurningu 1.
- Skilgreina skólann betur t.d. kennsla í læsi.
- Hvað þarf til að halda áfram í námi?
- Sameiginleg ábyrgð heimilis og skóla.
- Auka endurmenntun kennara.
- Halda áfram að lesa fyrir nemendur.
- Aukin meðvitund heimila. Breytt viðhorf þjóðfélagsins gagnvart starfi skólanna. Það er nauðsynlegt að auka virðingu kennarastarfsins -það mun án efa skila sér í auknum aga og þar af leiðandi betri árangri.
- Nemendur þurfa að vera tilbúnir til að leggja meira á sig, forgangsraða þannig að skólinn sé ekki alltaf í síðasta sæti.
- Meiri samfella frá upphafi skólagöngu varðandi vinnubrögð vandvirkni og sjálfsaga.
- Það eru svo margir krakkar sem hafa hæfileika en „nenna“ samt ekki að nýta þá, vilja frekar gera e-að annað, t.d. vera í tölvunni og í símanum.
- Kannski vantar einhvern hvata, t.d. hvetjandi námsefni, fjölbreytt, stigmagnandi í þyngd, e-að til að keppa að.
- Fleiri kennslustundir á viku í móðurmáli, a.m.k. 6 stundir á viku í öllum árgöngum.
- Hver nemandi þarf að þekkja sinn námsstíl til að hann geti náð sem bestum árangri. Kennarar séu meðfitaðir um þessa mismunandi stíla.
- Viðhorf heimila, nemenda og kennara.
- Að kennarar fái samantekt á spurningum úr PISA eftir þrepum svo þeir geti/viti hverju sinni hverju nemendur mega eiga von á í prófunum. Stig 1 í öllum þremur greinum, stig 2, stig 3 o.s.frv.
- Gefa gott rými í skólum fyrir prófið og að tímasetning sé strax ljós á skóladagatali.
- Jákvæð umfjöllun í þjóðfélaginu og innan skólans gagnvart PISA.
- Jákvæða skólaumræðu í samfélaginu öllu ekki alltaf þetta neikvæða.
- Gera meira fyrir þá nemendur sem eru bráðgerir því þau verða oft útundan því mesti tíminn fer í slöku nemendurna.
- Viðhorfsbreytingu vantar frá stjórnvöldum.
- Fjármagn til að geta komið betur til móts við nemendur.
- Skóli án aðgreiningar virkar ekki nema með aðstoð frá stuðningsfulltrúum/leiðbeinendum, fjármagn þarf að auka.
- Auka læsi (samt orðin meiri umræða um það núna en áður fyrr).
- Hvetja foreldra til að vera fyrirmyndir t.d. með lesturinn, að foreldrar lesi líka, þá sjá börnin þau lesa -vekur mögulega áhuga.
- Viðhorf á heimilinu til ákveðinna námsgreina fer inn í skólana.